

Nd.

169. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vegi 22. nóv. 1907.

(Frá meiri og minni hluta).

Nefnd sú, er kosin var af háttv. neðri deild til að ihuga þetta frumvarp, hefir — að einum undanskildum — orðið sammála um að ráða deildinni til að samþykkja fyrri málsgrein frumvarpsins, og taka veginn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar í tölu flutningabrauta.

Á vegi þessum mun, sem kunnugt er, vera meiri umferð og þar á meðal meiri vagnflutningar, en nokkurstaðar annars á landinu. Er því bæði eðlilegt, að hann sje hafður í flokki þeirra vega, þar sem slíkir flutningar eru mestir, og jafnframt mjög nauðsynlegt, að hann sje jafnan í góðu lagi. En bæði er lítil trygging fyrir því, að svo verði, meðan um hann er annast að mestu af litlum sýslufjelögum, sem, einkum annað þeirra, hefir mjög mikla aðra vegi að standa straum af, og hinsvegar varla heldur sanngjarnt, að þau geri það, þar sem þau að langminstu leyti hafa vegarins not. Hjer er þó að hinu leytinu ekki um svo langan veg að ræða, að landssjóði sje með þessu bundin þung eða alvarleg byrði.

Nefndin tekur fram, að í frumvarpinu er átt við veginn milli kaupstaðarlóða Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en innan kaupstaðarlóðanna annast þessir bæir veg sinn sem áður.

Á síðari málsgrein frumvarpsins gað nefndin ekki fallist, að viðhald þessarar brautar hvili á landssjóði að öllu, gagnstætt því sem á sjer stað um allar aðrar flutningabrautir, sem engri er viðhaldið af landssjóði að meira leyti en $\frac{1}{3}$ hluta. Þykir ekki ráðlegt að breyta hjer út af þeirri reglu og gefa forðæmi, sem gæti verið varhugavert.

En þar sem þó vegur þessi mætir óvanalega miklu sliti, að minstu leyti í þarfir sýslufjelaganna, sem mest af viðhaldinu kemur niður á, þykir þó sanngjarnt, að landssjóður kosti viðhaldið að $\frac{1}{3}$ hluta.

Samkvæmt þessu ræður nefndin til að samþykkja frumvarpið með þeirri breytingu, að:

Í stað niðurlagsorðanna »að öllu« komi: að $\frac{1}{3}$ hluta.

Neðri deild alþingis, 23. júlí 1913.

Kristján Jónsson,
p. t. formaður.

Kristinn Danielsson,
skrifari og framsögnm.

Halldór Steinsson.

Þorleifur Jónsson.

ÁLIT MINNI HLUTANS.

Jeg hefi ekki getað fylgt samnefndarmönnum mínum, hvorki hvað það snertir, að ráða deildinni til þess að samþykkja fyrri málsgrein frumvarpsins, sem ræðir um, að vegurinn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar sje tekinn í tölu flutningabrauta, nje heldur að því er viðhald vegarins snertir, og er það af þessum ástæðum:

- að vegarkafli þessi liggur í þremur lögsagnarumdæmum, sem nær eingöngu hafa not vegarins, og er því eðlilegt og sanngjarnt, að annist hann að öllu leyti.
- að verkfræðingur landsins álitur viðhald vegarins engu kostnaðarminna, þótt hann yrði lagður steinmuli (púkkadur), því þá yrði krafist, að halda honum svo vel við, að hann væri jafnan sem nýr vegur og óskemdur,
- að engin skýrsla eða álitsgjörð er fengin um það, hvað sú aðgerð mundi kosta, eða hvort þessi vegur yrði fremur notaður, en einhver önnur leið,
- að til þessa tíma hafa þeir vegir einir verið teknir upp í tölu flutningabrauta, er liggja um landsveitir, en ekki þeir, sem liggja með sjó fram, enda þungavara jafnaðarlega flutt á sjó, þar sem því verður viðkomið,
- að vegur sá, sem nú er, mun vera svo vel fær til aksturs, að jeg ætla að nauðsynlegustu endurbætur sjeu þeim er hlut eiga að, vel kleifar.

Stefán Stefánsson, Eyf.